

FYRIRMÆLI

69

30. apríl

um

lánadeild Búnaðarbanka Íslands handa smábýlum við kaupstaði og kauptún.

Samkvæmt lögum 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, eru um lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún sett þau ákvæði, er hér fara á eftir.

1. gr.

Í samræmi við tilgang bankans er það hlutverk smábýladeildar að veita lán til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún, og skal það að jafnaði þeim takmörkum bundið, að land það, er býli fylgir, skuli fullræktað eða fullnotað geta veitt meðalfjölskyldu að minnsta kosti þriðjung þess, er þarf til framfærslu henni, eða sé um 3 hektarar.

2. gr.

Starfsfé deildarinnar, er framlag ríkissjóðs og lánsfé það, er ríkissjóður útvegar, samkvæmt 54. og 55. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, 14. júní 1929.

3. gr.

Af lánnum úr deildinni skal greiða í vöxtu 6% á ári, þangað til öðru vísi verður ákveðið.

4. gr.

Fé smábýladeildar má lána:

- a) Gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
- b) Gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga.
- c) Gegn afgjaldakvöð á býlið, enda sé það ekki veðsett með 1. veðrétti.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild að veði, nema váttryggð séu í váttryggingarstofnun, sem stjórn bankans tekur gilda. Heimilt er deildinni að annast sjálf váttrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

5. gr.

Lánsfjárhæð má ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands eða afnotaréttar lands. Að jafnaði má eigi lána, nema gegn 1. veðrétti. Þó er (nema þegar um afgjaldskvöð er að ræða) heimilt að taka gildan 2. eða síðara veðrétt, ef almennasjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $\frac{3}{4}$ virðingarverðs.

6. gr.

Eignir þær, sem smábýladeildin tekur að veði, skulu metnar á kostnað lánþega af tveim mönnum, sem stjórn bankans nefnir til, svo framarlega sem ekki er unnt að hlíta löggiltu fasteignamati. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, sem á þeim hvila, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignunum lýst rækilega og greinilega. Um jarðeign skal tilgreina landstærð, hlunnindi og kvaðir þær, er á henni kunna að hvila, allt það, er lýtur að högum hennar og ræktun, viðhaldi húsa, og enn tilfærð sérstök atvik, sem áhrif hljóta að hafa á verðmæti býlisins, svo sem það, hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávangangi, skriðum, sandfoki, snjóflóðum o. s. frv.

Um húseignir skal þess getið, hver hús séu á landinu og hvers virði hvert um sig, en eins fyrir því tekið fram virðingarverð landsins sjálfs, án húsa. Í virðingu húseigna skal nákvæmlega lýst hverju einstöku húsi, tilgreind stærð þess, tala herbergja, telja til allt múr- og naglfast, sem húseign fylgir, svo sem ofna, járneldstæði o. fl., efni það, er húsin eru gerð af, og gæði þess, að svo miklu leyti sem unnt er, enn fremur aldur húsa og viðhald.

Ef eignin hefir gengið kaupum og sölum, skal getið síðasta kaupverðs hennar.

Lántakandi skal að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lán-ið stendur, sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því, að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að lánadeildinni geti verið nokkur hættu af búin. Ef lántakandi lætur farast fyrir að senda stjórn bankans slíkt skirteini, má hún láta skoðun og nýja virðing fara fram á kostnað lántakanda.

7. gr.

Minnsta lán, sem smábýladeildin veitir, er 200 kr., og jafnan skulu lán standa á hundraði króna. Hámark lánsfjárhæðar er 15000 kr. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, ef veðið er jarðeign, vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, ef veðið er vandað timburhús.

8. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr smábýladeild, verða þeir að fullnægja þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Útvega virðingargerð, samkvæmt því sem segir í 6 gr.
- b) Útvega veðbókarvottorð.
- c) Útvega vottorð sama embættismanns, er hlut á að máli, um þinglesna heimild lánbeiðanda að eigninni, eða ef ekki er unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.
- d) Afhenda bankanum váttryggingarskirteini, ef um váttryggðar eignir er að að ræða, og
- e) kvittun fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.

Ef um er að ræða ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, skulu þessi skilríki fylgja ábyrgðaryfirlýsingu:

69
30. apríl

- 1) Samþykki æðra stjórnarvalds.
- 2) Fjárhagsreikningur þess bæjar-, sýslu eða sveitarfélags, sem í hlut á.
- 3) Vottorð þeirra yfirvalda, er hlut eiga að máli, að þeir menn skipi bæjarstjórn þá, sýslumenn eða hreppsnefnd, sem ábyrgðina takast á hendur.
- 4) Staðfest útskrift úr fundarbók þess, er tekur að sér ábyrgðina, um að ábyrgðin hafi verið löglega samþykkt.

Ef um er að ræða afgjaldskvöð:

- a) Eignarvottorð frá yfirvaldi því, sem hlut á að máli.
- b) Eftirrit af byggingarbréfi.

9. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsfénu í varasjóð.

Eigandaskipti að veðsettu býli skal kaupandi hafa tilkynnt eigi síðar en á næsta gjalddaga lánsins.

Heimilt er smábýladeild við hver eigandaskipti að krefjast endurgreiðslu lánsins að öllu eða nokkuru leyti.

Ef einhver, sem keypt hefir veð, vill taka að sér skuld við smábýladeild, skal hann þegar í stað leita samþykkis bankastjórnar um það. Ef hún samþykkir, að hinn nýi eigandi taki lánið að sér, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórn, og taka lánið að sér.

10. gr.

Lánnum þeim, sem smábýladeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefir undirgengizt.

En þá er bankastjórn heimilt að telja eftirstöðvar láns fallnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánskilmáanna, t. d.

- a) Ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd í réttan gjalddaga.
- b) Ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggilegt sem vera skal.
- c) Ef skuldunautur heldur eigi váttryggðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda smábýladeildinni kvittun váttryggingarfélags þess, er í hlut á, fyrir iðgjaldi í tæka tíð.
- d) Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir kröfu smábýladeildar, eða nyr kaupandi vanrækir að taka að sér lán.

11. gr.

Skuldunautar smábýladeildar skulu 1. nóvember ár hvert greiða vöxtu, afborganir og tillög til kostnaðar við smábýladeild og til varasjóðs hennar í einu lagi með jafnri fjárhæð á hverjum gjalddaga. Sérhvert lán, sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal talið veitt á næst undanförunum gjalddaga, en á næsta gjalddaga á eftir skulu vextir og gjald til deildar-kostn-

69 aðar og varasjóðs þó að eins reiknast frá 1. degi þess mánaðar, sem lánið er
30. apríl tekið í, til næsta gjalddaga (1. nóvember). Tillag til deildarkostnaðar og vara-
sjóðs er $\frac{1}{2}\%$ á ári af lánsfjárhæðinni, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga.

12. gr.

Sérhver skuldunautur, sem ekki hefir innan 15. desember greitt árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næsta undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvöxtu af nefndum gjöldum greiða 1% fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til greiðsludags, og skal hver partur úr mánuði teljast heill.

13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir deildin heimild til þess að ganga að veðinu, eftir þeim reglum, er gilda um eignir, sem veðsettar eru bankanum.

14. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningum deildarinnar.

15. gr.

Skyldir skulu allir embættismenn og sýslunarmenn til að aðstoða banka-
stjórnina á svipaðan hátt sem fyrir er mælt um veðdeild bankans.

16. gr.

Endurskoðunarmenn Búnaðarbankans hafa á hendi endurskoðun smábýladeildar eftir svipuðum reglum sem gilda um veðdeild bankans.

17. gr.

Sérstakan reikning skal halda um smábýladeild, jafnframt því sem hún skal talin í aðalreikningi bankans.

Fyrirmæli þessi eru hér með sett samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 31, 14. júní 1929, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.